

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Hafrannsóknastofnuninni, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi kvótabátæigenda, ríkissaksóknara, Vélstjórafélagi Íslands, lögreglustjóraembættinu í Reykjaík, Landssambandi smábátæigenda og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að sektarlágmörk vegna brota á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands verði felld brott. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé skoðun flutningsmanna að viðurlög að lágmarki 400.000 kr. fyrir hvers kyns brot á tilgreindum lögum án tillits til þess hvort brot sé framið af ásetningi eða gáleysi takmarki svigrúm dómstóla um of til að dæma sektarrefsingu í samræmi við alvarleika brots. Er það tilgangur þeirra lagabreytinga sem frumvarpið mælir fyrir um „að koma í veg fyrir að smávægilegar yfirsjónir kosti viðkomandi 400.000 kr. heldur geti dómstólar litið á hvert mál fyrir sig og ákveðið viðurlög innan rýmri refsiramma en nú er heimilt“.

Nefndin tekur undir að umrædd sektarlágmörk geti í einstökum tilvikum leitt til ósanngjarnar viðurlagaákvörðunar af hálfu dómstóla. Þó er það álit nefndarinnar að almennt sé réttmætt að mæla fyrir um tiltölulega þung viðurlög við brotum á fiskveiðilöggjöfni, einkum þegar um ítrekað brot er að ræða. Byggist þessi skoðun nefndarinnar á því að almennt verður að telja að fjárhagslegur hvati til brota á fiskveiðilöggjöfni sé mikill og brotaleiðir jafnframt margvíslegar og því mikilvægt að varnaðaráhrif viðurlagaákvæða séu skýr og öllum augljós. Þá verður almennt talið að reglur sem settar eru til að stýra sókn í takmarkaða auðlind, eins og ákvæði íslenskra laga um stjórnkerfi fiskveiða, séu sérlega viðkvæmar fyrir hvers kyns brotum gegn þeim. Eru skýr og ótvíræð viðurlög því mikilvægur þáttur í að tryggja virkni laganna og virðingu fyrir þeim.

Með vísan til þessara sjónarmiða leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu sem fela í sér að einungis verði felld niður sektarlágmörk þegar um fyrsta brot á ákvæðum laganna er að ræða. Hins vegar verði með samræmdum hætti í þeim fjórum lagabálkum sem frumvarpið varðar mælt fyrir um 400.000 kr. lágmarkssekt ef um ítrekað brot er að ræða.

Nefndin lítur svo á að þessar breytingar gefi dómstólum almennt ekki tilefni til að beita lægri sektum vegna brota á lögnum en tíðkast hafa heldur er tilgangur breytinganna fyrst og fremst að tryggja að þeim sé unnt að gæta sanngirni þegar um fyrsta brot er að ræða og brot telst smávægilegt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason var viðstaddur afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitum þessu með fyrirvara.

Alþingi, 24. febr. 2005.

Guðjón Hjörleifsson,  
form., frsm.

Kristinn H. Gunnarsson.

Jóhann Ársællsson.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Kristján L. Möller.

Hjálmar Árnason.

Jón Gunnarsson.

Magnús Þór Hafsteinsson,  
með fyrirvara.

Guðrún Inga Ingólfssdóttir.